

Nd.

554. Frumvarp til laga

[252. mál]

um vitagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Fyrir hvert skip, sem er 5 rúmlestir brúttó eða stærra og tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, skal greiða vitagjald, kr. 10,00 af hverri brúttórúmllest, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti sleppt. Skemmtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða kr. 1,50 í vitagjald af hverri rúmlest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum, né heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annarri lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það innt af hendi í fyrstu höfn, er skipið tekur hér við land.

Skip, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 100,00 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

2. gr.

Tekjum af vitagjaldi skal varið til byggingar og viðhalds vitakerfis landsins.

3. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni vitagjalds dagbók skipsins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra sektum allt að kr. 100.000,00, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 17 11. júlí 1911, um vitagjald, með síðari breytingum skv. 1. gr. laga nr. 18 10. apríl 1946 og 19. gr. laga nr. 4 20. febrúar 1960.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um vitagjald eru nr. 17, 11. júlí 1911. Þeim lögum hefur verið breytt og eru nú í gildi taxtar skv. 1. gr. laga nr. 18/1946 og 19. gr. laga nr. 4/1960.

Síðan lögin voru sett hafa miklar breytingar orðið í þjóðlífi okkar. Þróunin hefur ekki síður orðið á sjó en í landi og lofti. Tæknibylting hefur orðið í atvinnu- háttum okkar og framfarirnar mjög miklar á þessum árum. Skipastóll landsmanna hefur margfaldast og afkoma þjóðarinnar hvílir að miklu leyti á sjávarútvegi og siglingum.

Þrátt fyrir mikil og fullkomin siglingatæki skipa nútímans, verður ekki eingöngu á þau treyst. Við búum við úthaf, þar sem stórviðra má vænta og siglingar því varasamar og siglingaleið nálægt ströndum landsins víða hættuleg.

Það hefur því löngum verið ljóst, að bygging og viðhald vitakerfis landsins er mjög þýðingarmikill þáttur í atvinnu- og öryggismálum sjófarenda. Til þess að mynda fastan tekjustofn í þessu skyni voru lögin nr. 17 frá 1911 sett. Þau hafa gílt að stofni til allt til þessa. Gerðar hafa verið breytingar á lögunum, einkum til að hækka gjöldin, sem síðast voru hækkuð 1960. Ýmis almenn ákvæði laganna eru einnig orðin úrelt.

Það má því teljast tímabært að gefa lögin út í heild, bæði til að samræma þau breyttum viðhorfum og færa gjöldin til réttis verðlags.

#### Um 1. gr.

Meginbreytingin skv. þessari grein er sú, að nú er miðað við brúttórúmllestatal skipa í stað nettó áður. Gjaldið er nú kr. 4,00 á nettórúmllest, nema kr. 0,60 af skemmtiferðaskípum. Telja verður eðlilegra að reikna gjaldið af brúttóstærð skipa, á sama hátt og hafnargjöld. Hækkunin pr. lest nemur 150% og yrði gjaldið þá kr. 10,00 á brúttórúmllest almennt og kr. 1,50 af skemmtiferðaskípum. Með umræddri hækkun pr. lest og breytingu frá nettólest í brúttó í viðmiðuninni er áætlað að heildartekjur af vitagjaldi verði um 16 millj. kr. á ári.

Í 1. mgr. greinarinnar er tekið fram að hverju skipi, 5 rúmllestir eða stærra, sem tekur höfn á Íslandi eða er haldið úti frá landinu, beri að greiða vitagjald. Tekur þetta að sjálfsögðu til erlendra skipa og eru því felld niður úr lögunum sérákvæði um erlend skip, þar sem eitt gildir um öll skip, sem til landsins koma eða gerð eru út hér á landi.

Undanþáguákvæðin til greiðslu vitagjalds eru óbreytt.

#### Um 2. gr.

Hér er skýrt tekið fram til hvers vitagjaldinu skuli varið, þ. e. til byggingar og viðhalds vitakerfis landsins, en nauðsynlegt er að enginn vafi sé á í þessum efnum. Aðrar greinar þarfnast ekki skýringa.